

## Kæru kjörnin borgarfulltrúar

Við í stjórn foreldrafélags keiludeildar ÍR langar að koma á framfæri óánægju okkar hvað varðar æfingaaðstöðu íþróttarinnar í þeiri mynd sem hún er í núna.

Þetta bréf hefur einnig verið sent til formanns ÍR og til sjónvarps ÍR

Finnst okkur það ekki boðlegt að bjóða börnum uppá að æfa íþrótt í þeim aðstæðum sem að þau gera í dag.

Mikið er um að fólk sem kemur sér til skemmtunar að spila keilu sé með áfengi um hönd og læti eftir því sem truflar iðkendur og er ekki þegar að lítur að öðrum íþróttum.

Margt hefur verið reynt í veturn til að halda viðskiptavinum Keiluhallarinnar frá æfingasvæðunum þeirra en án árangurs. Viðskiptavinir Keiluhallarinnar virða ekki ummæli þjálfara, setjast inn á settin hjá krökkunum og oftar en ekki með áfengi um hönd.

Finnst okkur það mikill ókostur að íþróttin hafi ekki val um æfingaaðstöðu. Auðvitað á íþróttin að vera aðskilin frá keilu sér til skemmtunar. Ofar en ekki eru miklar umræður um hve íþróttaiðkunn sé mikilvæg forvörn gegn áfengi og fíkniefnum en ykkar keiluiðkenndur og börnin okkar alast upp við það að áfengi sé hinn eðlilegasti fylgihlutut í þeirrar íþrótt, hversu sorglegt er það.

Mikill ókostur er hversu dýrt það er að leigja brautirnar til æfinga fyrir félagið og ennþá dýrara ef að iðkandinn vill æfa sig sjálfur en frekar utan æfingatíma. Svo aðgengi að æfingasvæðinu er ekki sambærilegt við aðrar íþróttir innan ÍR. Þarna skapast stéttaskipting innan iðkenndahópsins því það eru einungis þeir velefnuðu foreldrar sem hafa tök á því að leyfa börnunum að fara utan æfingar. Krakkarnir njóta engra fríðinda eða afsláttar.

Sem keppnisíþrótt er aðstaðan afar bágborin og til skammar fyrir foreldra, iðkendur og aðra áhorfendur sem vilja fylgjast með barni sínu og hvetja það áfram hvort sem það er á æfingu eða í keppni.

Við getum kröfur um að íþróttir innan ÍR sitji allar við sama borð þegar kemur að æfingasvæði, aðgengi og jákvæða upplifun af íþróttaiðkuninni. Okkur þykir tímabært að keiluíþróttin sem að okkur þykir svo vænt um verði tekin með í nýtt og betra húsnæði ÍR.

Bæði myndi það borga sig fjárhagslega til lengdar, það myndi styrkja íþróttina til muna. Það yrði aukning innan deildarinnar. Við persónulega sjáum okkur ekki fært að mæla með íþróttinni eins og hún er stunduð í dag innan um skemmtanahald þar sem að áfengi er haft við hönd.

Sem stjórn foreldeafélags keiludeildar ÍR höfum við ákveðið að vekja athygli á alvarleika þessa máls og munum við senda þetta bréf á fulltrúa alla flokka í borgarráði Reykjavíkur.

Með von um góðar undirtektir.

Fyrir hönd Foreldrafélags keiludeildar ÍR

Regína L. Aðalsteinsdóttir formaður

Halldóra Björk Þórarinsdóttir

Heiðrún Sigurðardóttir

Guðbjörg Lind Valdimarsdóttir

Ásdís Richardsdóttir